

# Lög

## um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

### 1. gr.

6. og 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:
6. Sala bóka, jafnt frumsaminna sem þýðdra.
8. Sala á matvörum og öðrum vörum til manneldis samkvæmt nánari afmörkun í viðauka við lög þessi. Sala veitingahúsa, mötuneyta og annarra hliðstæðra aðila á tilreiddum mat og þjónustu er þó skattskyld skv. 1. mgr. þessarar greinar. Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis.

### 2. gr.

3. mgr. 35. gr. laganna orðast svo:
- Kaupandi, sem skyldugur er til að greiða virðisaukaskatt skv. 1. mgr., skal ótilkvaddur gera skattstjóra grein fyrir kaupum á þjónustu í sérstakri skýrslu í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Gjaldþagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt skýrslu skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga. Um skattverð, uppgjör, álagningu, áætlun, endurákvörðun, álag, dráttarvexti og kærur skal, eftir því sem við getur átt, fara með eins og í viðskiptum innan lands. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

### 3. gr.

7. tölul. 1. mgr. 36. gr. laganna fellur brott.

### 4. gr.

- Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:
- a. Orðin „og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu“ í 2. másl. 2. mgr. falla brott.
- b. Á eftir 3. másl. 2. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Endurgreiðsla vegna vinnu manna við endurbætur eða viðhald skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga eins fljótt og auðið er, þó aldrei síðar en 14 dögum eftir að skattstjóra barst erindið.

- c. Við 3. mgr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein.
- d. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar, 7. og 8. mgr., svohljóðandi:

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af tækjum og búnaði sem mannúðar- og líknarstofn-  
anir fá að gjöf eða kaupa fyrir styrkfé, enda sé um að ræða vöru sem nýtt er beint til við-  
komandi starfsemi. Endurgreiðsluheimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin sömu  
skilyrðum og gilda um gjafir til mannúðar- og líknarstarfsemi og koma fram í b-lið 8.  
tölul. 1. mgr. 5. gr. tollalaga, nr. 55/1987, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 797/2000, um  
undanþágu aðflutningsgjalda í ýmsum tilvikum.

Endurgreiða skal virðisaukaskatt af innflutningi eða kaupum á ökutækjum sem ætluð  
eru fyrir starfsemi björgunarsveita, enda liggi fyrir staðfesting landssamtaka björgunar-  
sveita á því að viðkomandi ökutæki verði einungis notuð í þágu björgunarsveita. Fjár-  
málaráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd endurgreiðslu  
skv. 7. og 8. mgr.

#### 5. gr.

Á eftir 43. gr. laganna kemur ný grein, 43. gr. A, svohljóðandi:

Réttur til sérstakra endurgreiðslna skv. XIII. kafla og ákvæðum til bráðabirgða í lögum  
þessum fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst viðkomandi stjórnvaldi eftir að sex  
ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

#### 6. gr.

Í stað viðauka við lögina kemur nýr viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### Viðauki.

Af vörum til manneðis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 14% virðisauka-  
skatt:

0201.1000–0210.9990	Kjöt og ætir hlutar af dýrum.
0302.1101–0307.9920	Fiskur, krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingar.
0401.1000–0401.3000	Mjólk og rjómi. Þó skal greiða 24,5% virðisaukaskatt af ógeril- sneyddum vörum í þessum tollflokkum.
0402.1000–0410.0000	Mjólkurafurðir, fuglaegg, náttúrulegt hunang og ætar vörur úr dýraríkinu, ót.a.
0504.0001–0504.0009	Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykki.
0511.9901	Dýrablóð.
0701.1000–0714.9000	Matjurtir og tiltekna rætur og hnýði.
0801.1100–0814.0000	Ætir ávextir, hnetur og hýði af sítrusávöxtum eða melónum.
0901.1100–0910.9900	Kaffi, te, maté og krydd.
1001.1001–1004.0009	Hveiti, meslín, rúgur, bygg og hafrar.
1005.9001–1008.2009	Máis (annar en fræ), rís, dúrra, bókhveiti og hirsí.
1008.9009	Annað korn, ót.a.
1101.0010–1105.2009	Malaðar vörur (korn, mjöl, böggjar og flögur).
1106.1000	Mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum.
1106.2009	Mjöl úr sagó, rótum eða hnýðum.
1106.3000	Mjöl úr ávöxtum og hnetum.
1107.1000–1202.2000	Malt, sterkja, inúlín, hveitiglúten, sojabaunir og jarðhnetur.

1204.0000	Línfræ (höfræ).
1206.0000–1208.9000	Sólblómafræ, önnur olíufrae, olíurík aldin og mjöl úr þeim vörum.
1211.9001–1211.9002	Plöntur og plöntuhlutur til manneidis (basilíkkum, borasurt, mynta, rósmarín, rúturunni, salvía og malurt).
1212.1000	Fuglatrésbaunir (jöhannesarbrauð).
1212.2009	Sjávargróður og þörungur (söl o.fl.).
1302.2001 og 1302.2009	Pektínefni, pektínöt, pektöt, jurtaflím og hleypiefni.
1501.0011 og 1501.0021	Svína- og alifuglafeiti.
1502.0011 og 1502.0021	Fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum.
1503.0001	Svínafeitisterín, svínaolía, tólgarsterín, oleóolía og tólgarolía.
1504.1001 og 1504.1002	Þorskalýsi.
1504.1004	Lýsi úr fisklifur, ót.a.
1507.1001 og 1507.9001	Sojabaunaolía.
1508.1001 og 1508.9001	Jarðhnetuolía.
1509.1001 og 1509.9001	Ólívuolía.
1510.0001	Aðrar olíur.
1511.1001 og 1511.9001	Pálmaolía.
1512.1101 og 1512.1901	Olía úr fráei sólblóma eða körfublóma.
1512.2101 og 1512.2901	Olía úr fráei baðmullar.
1513.1101 og 1513.1901	Kókoshnetuolía.
1513.2101 og 1513.2901	Pálmakjarna- eða babassúolía.
1514.1101 og 1514.1901	Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1514.9101 og 1514.9901	Repju-, kolsa- eða mustarðsolía.
1515.2101, 1515.2901,	
1515.5001 og 1515.9001	Maísolía, sesamolía og önnur olía eða feiti, ót.a.
1516.1001–1516.2002,	
1516.2009	Feiti eða olíur, hertar.
1517.1001–1517.9009	Smjörlíki og blöndur eða framleiðsla til manneidis úr jurtafeiti eða -olíum.
1601.0010–1605.9029	Framleiðsla úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum.
1701.1100–1702.9009	Sykur (þó ekki skrautsykur).
1703.1002 og 1703.1009	Reyrmelassi.
1703.9009	Melassi, ót.a.
1801.0000–1804.0000	Kakaóvörur, svo sem kakaóbaunir, kakaódeig og kakaósmjör (þó ekki kakaóduft).
1806.2002 og 1806.9021	Búðingsduft, búðingar og súpur sem innihalda kakaó.
1806.9011–1806.9019	Efni til framleiðslu á drykkjarvörum sem innihalda kakaó.
1806.9022	Fæða sem inniheldur kakaó, sérstaklega tilreidd fyrir sjúka.
1806.9027 og 1806.2007	Morgunverðarkorn sem inniheldur kakaó.
1901.1000–1904.9009	Framleiðsla úr korni, fínmöluðu mjöli, sterkju eða mjólk.
1905.1000	Hrökkbrauð.
1905.3122	Sætakex og smákökur sem innihalda minna en 20% af sykri.
1905.4000	Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur.
1905.9011 og 1905.9019	Brauð.
1905.9020	Ósætt kex.

1905.9030	Saltkex og kryddkex.
1905.9040	Kökur og konditorstykki.
1905.9051 og 1905.9059	Bökur, þ.m.t. pítsur (pizza).
1905.9060	Nasl (snack), ót.a.
1905.9090	Brauðvörur, ót.a.
2001.1000–2008.9909	Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum, hnetum eða öðrum plöntu- hlutum.
2101.1100–2101.3009	Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté.
2102.1001–2102.2002	Ger og bökunarduft.
2102.2009–2102.3009	Ger og bökunarduft.
2103.1000–2104.2009	Sósur, súpur og seyði og framleiðsla í það, blönduð bragðefni og bragðbætiefni, jafnblönduð samsett matvæli.
2105.0011–2105.0029	Rjómaís og annar ís til manneldis.
2106.1000	Próteinseyði og textúruð próteinefni.
2106.9023	Blöndur jurta eða jurtahluta til lögunar á seyði.
2106.9024	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2106.9025	Tilreidd drykkjarvöruefni sem innihalda prótein o.fl.
2106.9026	Tilreidd drykkjarvöruefni úr gingsengkjörnum o.fl.
2106.9041–2106.9049	Búðingsduft, ót.a.
2106.9051	Blöndur úr kemískum efnum og fæðu, svo sem sakkaráni og lakt- ósa, notaðar sem sætuefni.
2106.9059	Létt smjörlíki o.fl. að meginstofni úr feiti og vatni.
2106.9062	Ávaxtasúpur og -grautar.
2106.9064	Búðingsduft með kjötinnihaldi sem að magni til er 3%, til og með 20%, miðað við þyngd.
2106.9069	Ýmis matvælaframleiðsla, ót.a.
2201.9011–2201.9029	Drykkjarvatn, annað en ölkelduvatn.
2202.1021–2202.1029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2202.9011–2202.9019	Blönduð mjólk (25% eða minna blönduð miðað við rúmmál).
2202.9021–2202.9029	Drykkjarvara, sérstaklega tilreidd fyrir börn og sjúka.
2501.0001	Matarsalt í smásöluumbúðum, 5 kg eða minna.
2836.1001	Ammoníumkarbónat (hjartarsalt) í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.3001 og 2836.4001	Karbónöt í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2836.9902	Pottaska í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2918.1200–2918.1300	Vínsýra.
2922.4201	Glútamínsýra í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
2925.1101	Sakkaráni og sölt þess í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.
3203.0001	Matarlitur.
3302.1010	Blöndur af ilmandi efnum til matvælaiðnaðar.
3501.9001	Kaseínöt.
3502.1101 og 3502.1901	Albúmín.
3502.2001 og 3502.9001	Albúmín.
3503.0011 og 3503.0021	Matarlím (gelatín o.fl.).
3824.9008	Blanda úr sakkaráni og kemískum efnum í smásöluumbúðum, 1 kg eða minna.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2002.

---

*Samþykkt á Alþingi 20. apríl 2002.*